

Hver var heilagur Nikulás?



Heilagur Nikulás var biskup í Býsans, þar sem nú er Tyrkland. Fæðingardagur hans er óljós en hann dó þann 6. desember árið 343 og sá dagur er haldinn hátíðlegur víða í Evrópu.

Eftir dauða sinn varð Nikulás verndardýrtingur barna, kaupmanna og sæfarenda. Hann er nú víða í dýrtingatölu, bæði í löndum rétttrúnaðarkirkjunnar og kaþólsku kirkjunnar, t.d. í Grikklandi, á Ítalíu og víða í Mið-Evrópu.

Þótt mótmælendur séu í meirihluta í Hollandi er Nikulásardagurinn mikill hátíðisdagur þar og hugsanleg skýring á því er að Hollendingar voru löngum miklir sæfarar. Á hollensku heitir hann Sint-Nicolaas eða Sinterklaas en hið síðarnefnda varð að Santa Claus meðal Hollendinga í Ameríku og það er nú nafn jólasveinsins á ensku.

Fatnaður nútíma jólasveins er talinn koma frá biskupsbúningi Nikulásar og þar sé að hluta til skýringu að finna á því að litur jólanna er rauður. Rauð kápa jólasveinsins var þannig upphaflega biskupskápa Nikulásar og jólahúfan á upphaf sitt í biskupsmítrinu.

Nikulás þótti mjög góður maður og mörg kraftaverk eru sögð hafa gerst við gröf hans í Mýru. Árið 1087 rændu kaupmenn helgum dómi Nikulásar í Mýru og fluttu til borgarinnar Bár á Ítalíu. Til eru helgisagnir um að Nikulás hafi komið sjófarendum til bjargar úr sjávarháská og að hann hafi veitt börnum aðstoð ef foreldrar þeirra áttu erfitt.

Í kaþólskri tíð var Nikulás einn vinsælasti dýrtingurinn hérlendis og við lok miðalda voru um 60 guðshús á Íslandi helguð honum með einhverjum hætti.

Á 15. öld eru fyrst heimildir um að heilagur Nikulás heimsæki börn kvöldið fyrir 6. desember og gefi þeim gjafir. Stundum hafði hann með sér púka sem refsaði óþægum börnum og engil sem færði þægum börnum gjafir.

Frá svipuðum tíma eru heimildir um að þýsk börn hafi útbúið lítil skip handa heilögum Nikulási, minnug þess að hann væri verndari sæfarenda og sett út í glugga. Það má því ætla að sá siður að setja skó út í glugga sé sprottinn frá þessu gamla ráði barnanna til að vekja athygli heilags Nikulásar.

Heimildir:

Símon Jón Jóhannsson: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5510>

http://www.visindi.is/grein/var_heilagur_nikulas_til_i_raun_og_veru